

Colas Ísland hf.
Gullhelli 1
221 Hafnarfjörður

17. desember 2025
UOS2501704/K.K.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 1. desember 2025 – ID 221

Þann 1. Desember 2025 fór fram reglubundið eftirlit í Colas Ísland hf. Bikstöð í Hafnafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvö eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram:

1. Frávik var frá gr. 3.5 í starfsleyfi. Virkni olíuskilja skal yfirfarin a.m.k. á sex mánaða fresti og þær tæmdar eftir þörfum. Skiljan hefur verið tæmd eftir þörfum og mælingar gerðar, en virkni skiljunnar hefur ekki verið yfirfarin skv. þessu ákvæði. Engar úrbætur hafa verið gerðar og frávikið stendur enn.
2. Frávik frá gr. 4.1 í starfsleyfi. Ábending var sett fram áður í eftirliti varðandi skráningar á skoðun olíuskilju. Ekki hefur verið bætt úr skráningum og því var í síðasta eftirliti sett frávik vegna þess. Rekstraraðili hefur nú gert verkferil þar sem áminning um framkvæmd sýnatökunnar er sjálfkrafa í kerfi rekstraraðila. Fráviki lokað.

Ein eldri ábending opin þegar eftirlitið fór fram:

1. Ábending varðandi að skráningar skv. gr. 4.1 í starfsleyfi séu aðgengileg bæði starfsmönnum og eftirlitsmönnum í eftirliti. Rekstraraðili hefur nú bætt skráningarnar og ábendingu því lokað.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Rekstraraðila var bent á að framkvæma þarf mælingu á VOC efnum árið 2026.

Eitt frávík kom fram er varðar:

1. Gr. 43 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Öruggar mengunar-, áreksturs-, eld-, og slysavarnir skulu tryggðar við rekstur lausageyma. Bambar voru á svæðinu án árekstrarvarna. Að eftirliti loknu voru bambarnir færðir inn í efnageymslur. Fráviki lokað.

Virðingarfyllst,

Kristín Kröyer

Teymi eftirlits

Sigríður Magnúsdóttir

Teymi eftirlits